

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 15. mars 2022

Mál nr. E-3563/2021:

A

(Jón Sigurðsson lögmaður)

gegn

B

(Guðmundur B. Ólafsson lögmaður)

Dómur

1. Mál þetta, sem var dómtekið 16. febrúar sl., var höfðað 24. júní 2021 af A, [...], gegn B, [...].
2. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða henni 8.016.433 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. júní 2021 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.
3. Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Helstu málsatvik

4. Stefndi rekur [...] og starfa þar rúmlega 200 starfsmenn. Stefnandi var ráðin í 50% starf á hjúkrunarheimilinu með ráðningarsamningi 10. ágúst 2020 og hóf störf 1. september sama ár. Samtímis undirritaði stefnandi þagnarheit þar sem hún hét því að gæta trúnaðar og þagnarskyldu í starfi sínu í samræmi við lög nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Jafnframt var tekið fram að hún væri bundin þagnarskyldu samkvæmt 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, og að brot gegn þagnarskyldu varðaði refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Hinn 21. ágúst 2020 skrifaði stefnandi undir yfirlýsingu vegna aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum og sjúkraskrárkerfum hjúkrunarheimilisins. Þar staðfesti hún að hafa lesið reglur sem vörðudu notkun sjúkraskrárupplýsinga og að fara í einu og öllu eftir þeim. Því var sérstaklega heitið að leita eingöngu eftir upplýsingum um sjúklinga í starfi í þágu sjúklings eða í öðrum lögætum tilgangi. Henni væri ljóst að öll önnur notkun gagnanna væri óheimil. Jafnframt var tekið fram að starfsmaður gerði sér grein fyrir því að brot á reglunum gæti leitt til áminningar eða brottvikningar úr starfi, auk

þess sem þau kynnu að verða kærð til lögreglu. Þá var tekið fram að brot á ákvæðum laga um meðferð persónuupplýsinga, almennum hegningarlögum eða öðrum lögum sem vernduðu almannarétt eða réttindi sjúklinga yrðu tilkynnt embætti landlæknis og Persónuvernd.

6. Hinn 18. febrúar 2021 barst framkvæmdastjóra stefnda ábending [...] þess efnis að upplýsingar úr sjúkraskrá íbúans væru [...]. Um var að ræða upplýsingar um að [...]
7. Meðal gagna málsins er færsla nafngreindrar konu á [...] frá [...]. Þar kemur fram að [...]. Nánar tiltekið segir: [...] Jafnframt birti sami einstaklingur aðra færslu þar sem þetta atvik var áréttað og tekið fram að [...].
8. Framkvæmdastjóri stefnda og aðrir stjórnendur hófu rannsókn á því hvernig umræddar upplýsingar hefðu getað ratað á [...]. Hjúkrunarstjóri á [...], sem var yfirmaður stefnanda, og deildarhjúkrunarfræðingur ræddu við alla starfsmann sem höfðu aðgang að þeim upplýsingum sem um ræðir, þar með talið stefnanda. Í viðtali [...] mun stefnandi hafa neitað því að hafa látið óviðkomandi aðila í té upplýsingar úr sjúkraskrá [...].
9. Hinn [...] héldu stjórnendur fund með hlutaðeigandi starfsmönnum og liggur fyrir fundargerð vegna fundarins. Þar kemur meðal annars fram að framkvæmdastjóri hjúkrunar hafi áréttað mikilvægi trúnaðar og þagnarskyldu sem væri grundvöllur þjónustu við íbúa hjúkrunarheimilisins. Framkvæmdastjórinn lagði áherslu á að viðkomandi starfsmenn lægju allir undir grun þar til málið yrði upplýst. Tekið var fram að upplýsingar um viðtöl við starfsfólk hjúkrunarheimilisins hefðu jafnframt ratað á [...] með þeirri yfirskrift að starfsfólk hefði verið yfirheyrð. Það þrengdi hópinn og var viðkomandi starfsmaður hvattur til að gefa sig fram við stjórnendur. Starfsmenn voru hvattir til að halda áfram sínu góða starfi og bent á að þeir gætu leitað til djákna væri þess óskað. Fram kom að rannsóknin héldi áfram og yrði starfsfólk upplýst um framhaldið.
10. Stefndi kveður ábendingu hafa borist [...] þess efnis að stefnandi hefði tengsl við tvo aðila sem hefðu haft sig í frammi með upplýsingarnar á [...]. Þegar stefnandi mætti á kvöldvakt þann dag var hún boðuð á fund með framkvæmdastjóra hjúkrunar, hjúkrunarstjóra og persónuverndarfulltrúa [...]. Stefnanda mun hafa verið sýnd mynd af [...] þar sem hún var ásamt fimm konum, þar með talið tveimur sem höfðu tjáð sig um upplýsingarnar á [...]. Hún var spurð um tengsl sín við umrædda aðila og kvaðst hún þekkja aðra konuna, C. Aðila greinir á um hvað fór að öðru leyti fram á fundinum. Stefndi telur stefnanda hafa staðfest að hún hefði rætt málefni íbúans við umrædda konu, [...]. Hins vegar telur stefnandi atvik ekki hafa verið með þessum hætti og að hún hafi aðeins staðfest að hún þekkti C.
11. Meðal gagna málsins eru minnispointar framkvæmdastjóra hjúkrunar frá fundinum [...]. Þar kemur fram að stefnandi hafi staðfest að hún þekkti C sem hafi verið á mynd sem var birt á [...] og var borin undir stefnanda. Þá segir: „Aðspurð hvort hún hefði rætt þau mál sem öryggisbresturinn væri um við

C, játaði hún því og varð miður sín. Hins vegar kannaðist hún ekki við hvernig þessar upplýsingar hefðu komist á [...].“ Þá segir: „Trúnaðarbrot var því staðfest [...] kl. 15:40 og upphafspunktur öryggisbrestsins fundinn.“ Jafnframt segir að stefnandi hafi verið sammála því að það væri öryggisbrestur [...]. Þá segir að stefnandi ætli að tala við umrædda konu um hvernig upplýsingarnar hefðu ratað á [...]. Stefnanda hafi verið greint frá því að um alvarlegan atburð væri að ræða og að hjúkrunarheimilinu bæri að tilkynnta öryggisbrot til Persónuverndar, brot á trúnaðarskyldu til landlæknis og brot á lögum um sjúkraskrá til lögreglu.

12. Hinn [...] 2021 beindi stefndi tilkynningum til Persónuverndar og embættis landlæknis vegna þessa atviks. Hinn [...] sama mánaðar birtust fréttir í fjölmiðlum þess efnis að opinberum aðilum hefði verið tilkynnt um trúnaðarbrot ónafngreinds starfsmanns hjúkrunarheimilisins, sem og að málið yrði kært til lögreglu. Stefndi beindi kærú til lögreglu hinn [...]og gaf framkvæmdastjóri stefnda skýrslu hjá lögreglu þann dag.
13. Stefndi vildi ekki þiggja vinnuframlag stefnanda frá og með [...]. Með bréfi [...], sem stefnandi móttók tveimur dögum síðar, var henni tilkynnt að ráðningarsamningi aðila væri rift. Þá sagði: „Riftun ráðningarsamningsins kemur til vegna alvarlegs trúnaðarbrotis sem af hálfu B þykir sannað með staðfestingu þinni á umræddu broti á fundi þann [...] sl. í viðurvist þriggja vitna. Framangreint felur í sér fyrirvaralausá frávíkningu úr starfi og er ráðningarsambandi yðar við B því lokið.“
14. Með bréfi lögmans stefnanda 7. apríl 2021 var riftun ráðningarsamningsins mótmælt. Tekið var fram að stefnandi hefði ekki viðurkennt brot á umræddum fundi heldur neitað því að hafa lekið umræddum upplýsingum. Engar sannanir styddu að trúnaðarbrot hefði átt sér stað og væri riftunin ólögmat. Þess var krafist að ákvörðunin yrði dregin til baka, en að öðrum kosti ætti stefnandi rétt á bótum úr hendi stefnda.
15. Með bréfi lögmans stefnda 21. apríl 2021 var kröfum stefnanda hafnað. Þá var tekið fram að trúnaðarbrotið hefði verið kært til lögreglu, auk þess sem málið væri í ferli hjá embætti landlæknis og Persónuvernd.
16. Með bréfi embættis landlæknis 12. maí 2021 var tekið fram að í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga, þar með talið þess sem komið hefði fram á fundi [...] landlæknis og stefnanda, væru ekki taldar forsendur til frekari viðbragða á grundvelli 14. og 15. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu.
17. Lögmaður stefnanda kynnti þáverandi lögmanni stefnda 21. maí 2021 að mál yrði höfðað til heimtu fébóta vegna tjóns sem hún hefði orðið fyrir sökum ólögmatrar riftunar á ráðningarsamningi.
18. Meðal gagna málsins er yfirlýsing frá 9. september 2021 sem var undirrituð af framkvæmdastjóra hjúkrunar, hjúkrunarstjóra á 1. hæð og persónuverndarfulltrúa [...]. Yfirlýsingin er svohljóðandi: „Í tilefni af því að viðkvæmum gögnum úr sjúkraskrá hafði verið lekið af hjúkrunarheimilinu við [...],

til aðila utan [...], voru undirritaðar viðstaddar fund sem haldinn var með A [...], þar sem grunur vaknaði að A gæti verið sá starfsmaður hjúkrunarheimilisins sem hefði lekið upplýsingunum. Fundurinn var haldinn [...] kl. 15.30 á hjúkrunarheimilinu. Á umræddum fundi játaði A að hafa lekið trúnaðarupplýsingum úr sjúkraskrá til C, vinkonu sinnar. A var miður sín vegna þessa. Nánar tiltekið var um að ræða upplýsingar um það hvort að tiltekinn [...]. Undirritaðar voru allar viðstaddar fundinn og staðfesta með undirritun sinni að framburður A hafi verið með framangreindum hætti.“

19. Fyrir liggja tölvupóstsamskipti lögmanns stefnanda og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 11. og 12. október 2021. Þar kemur fram að rannsókn málsins sé lokið og bíði það úthlutunar hjá ákæranda á ákærusviði embættisins.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

20. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi rift ráðningarsamningi hennar án þess að skilyrði til þess væru uppfyllt. Um hafi verið að ræða ólögmeða uppsögn og beri stefndi skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda.
21. Stefnandi hafi ekki vanefnt samningsskyldur sínar eða brotið gegn þeim. Ásakanir stefnda um trúnaðarbrot stefnanda séu rangar og hafi ekki verið sýnt fram á slíkt. Stefnandi hafi ítrekað og frá upphafi hafnað því að hafa lekið umræddum upplýsingum um íbúa hjúkrunarheimilisins. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að stefnandi hafi sýnt af sér háttsemi sem teljist veruleg vanefnd á ráðningarsamningi aðila og réttlæti fyrirvaralausar riftun hans. Þá leiði það af reglum vinnuréttar að atvinnurekandi verði að áminna eða vara starfsmann við áður en honum er vikið tafarlaust úr starfi, en það hafi stefndi ekki gert.
22. Stefnandi mótmælir því að trúnaðarbrot hennar hafi verið staðfest á fundi [...]. Á fundinum hafi stefnandi neitað því að hafa lekið upplýsingum um íbúa [...]. Rætt hafi verið hvort stefnandi þekkti [...] C og hafi hún staðfest að svo væri. Jafnframt hafi verið rætt hvort stefnandi hefði veitt konunni upplýsingar um tiltekinn íbúa [...] og hafi hún neitað því. Virðist stefndi eingöngu byggja aðdróttanir sínar á því að stefnandi hafi þekkt umrædda konu. Aftur á móti liggja ekkert haldbært fyrir sem staðfesti að stefnandi hafi lekið upplýsingum eða orðið uppvís að trúnaðarbroti. Þá hafi starfsmaður stefnda haft samband við C daginn eftir og hún staðfest að upplýsingar um viðkomandi íbúa [...] hefðu ekki verið fengnar frá stefnanda. Engu að síður hafi stefndi haldið málinu gegn stefnanda til streitu, beint tilkynningum til landlæknis og Persónuverndar auk þess sem kæru hafi verið beint til lögreglu.
23. Stefnandi byggir á því að gera verði þá lágmarkskröfu til heilbrigðisstofnunar að ótvíræðar sannanir liggja fyrir um trúnaðarbrot og verulega vanefnd á skyldum samkvæmt ráðningarsamningi áður en riftun geti farið fram. Hafi stefndi brotið gegn ráðningarsamningi aðila enda eigi stefnandi

samningsbundinn rétt til launa í þriggja mánaða uppsagnarfresti. Þar sem stefndi hafi ekki virt umsamin uppsagnarkjör hafi hann valdið stefnanda fjárhagslegu tjóni. Þá hafi stefnda borið að tilkynna stefnanda með sannanlegum hætti að meint háttsemi gæti leitt til brottreksturs úr starfi, en eingöngu sé heimilt í undantekningartilvikum að rifta ráðningarsamningi án aðvörunar eða áminningar.

24. Stefndi byggir einnig á því að skilyrði kjarasamnings Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu til fyrirvaralausrar uppsagnar hafi ekki verið uppfyllt. Málefnalegar ástæður þurfi að liggja til grundvallar uppsögn, sbr. grein 19.3.3 í kjarasamningnum, og gildi sömu sjónarmið og samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar komi meðal annars fram að starfsmönnum verði ekki sagt upp án málefnalegra ástæðna, að starfsmanni skuli veitt skrifleg áminning hafi hann sýnt af sér ávirðingar í starfi og að áður en starfsmanni sé veitt áminning beri að veita honum andmælarétt. Þá þurfi sérstök skilyrði að vera uppfyllt til að fyrirvaralaus uppsögn í starfi sé lögmæt.
25. Byggt er á því að stefndi hafi brotið gegn grein 19.3.3 í kjarasamningnum og að riftun ráðningarsamnings aðila hafi verið ólögmæt. Málefnalegar ástæður hafi ekki búið að baki riftuninni og sé óljóst af bréfi stefnda frá 29. mars 2021 á hvaða grundvelli riftunin hafi verið byggð. Stefndi hafi ekki vanefnt ráðningarsamninginn og standist ávirðingar stefnda ekki skoðun. Að sama skapi hafi stefnda borið að veita stefnanda áminningu áður en til brottrekstrar gat komið. Hafi stefndi raunar aldrei hlotið áminningu í starfi og eigi hún flekklausan feril sem hjúkrunarfræðingur. Þá hafi stefnda verið skylt að gefa stefnanda færi á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tók gildi, en það hafi ekki verið gert. Samkvæmt kjarasamningi geti fyrirvaralaus uppsögn aðeins komið til í tveimur tilvikum. Annars vegar hafi starfsmaður með fullnaðardómi verið sviptur rétti til að gegna starfinu. Ljóst sé að það eigi ekki við. Hins vegar hafi starfsmaður orðið uppvís að grófu broti í starfi og valdi viðvera hans skaða fyrir starfsemina, aðra starfsmenn eða viðskiptavini. Ásakanir stefnda séu ósannar og hafi stefndi ekki orðið uppvís að grófu broti í starfi. Það sé skýrt af kjarasamningsákvæðinu að brot starfsmanns í starfi þurfi að vera sannað og hafið yfir allan vafa. Því er einnig mótmælt að viðvera stefnanda á vinnustaðnum hefði komið til með að valda áframhaldandi skaða fyrir starfsemina, aðra starfsmenn eða viðskiptavini enda hafi stefnanda gengið vel í starfi og hún verið vel liðin.
26. Stefndi vísar til þess að stefndi hafi kært meint trúnaðarbrot hennar til lögreglu án tilefnis. Með þessu hafi stefndi valdið stefnanda miska og sé um að ræða ólögmæta meingerð gegn persónu stefnanda og æru. Rannsókn málsins sé lokið en ekki liggi fyrir á þessu stigi hvort málið verði fellt niður. Þá hafi stefndi einnig beint tilkynningum um hið meinta trúnaðarbrot til Persónuverndar og embættis landlæknis. Ráðið verði af bréfi [...] landlæknis 12. maí 2021 að ekki hafi verið talið ljóst að um trúnaðarbrot hefði verið að ræða, enda ekki talið tilefni til frekari viðbragða á grundvelli 14.

og 15. gr. laga nr. 41/2007. Sýni þetta enn frekar að riftun ráðningarsamnings stefnanda hafi verið ólögmat. Þá hafi þær tilkynningar sem stefndi beindi til opinberra aðila aukið mjög á miska stefnanda.

27. Bótakrafa stefnanda er sundurliðuð í bætur vegna fjárhagslegs tjóns að fjárhæð 4.016.433 krónur vegna riftunar á ráðningarsamningi og miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Byggt er á því að stefnandi eigi rétt á bótum sem taki mið af launum í 15 mánuði, það er vegna þriggja mánaða uppsagnarfrests auk launa í tólf mánuði. Við bætist orlof og réttur til mótframlags í lífeyrissjóð. Byggt er á því að fjárhagslegt tjón stefnanda nemi 9.394.551 krónu, en að líta beri til þess að hún hafi takmarkað tjón sitt með vinnu og beri að draga frá 5.378.118 krónur. Gerð er nánari grein fyrir sundurliðun á bótakröfu stefnanda í stefnu og bókun vegna breyttra dómkragna sem var lögð fram við fyrirtöku málsins 20. október 2021.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

28. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi brotið gegn starfsskyldum sínum með alvarlegum hætti. Hún hafi viðurkennt á fundi með stjórnendum stefnda [...] 2021 að hafa lekið viðkvæmum trúnaðarupplýsingum úr sjúkraskrá um íbúa á hjúkrunarheimilinu [...]. Hafi hún því orðið uppvís að grófu og alvarlegu broti á starfsskyldum sínum. Jafnframt hafi verið um að ræða brot gegn lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrá, lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þagnarskylduákvæði 17. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, þagnarskylduákvæði 12. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, auk þess sem háttsemin sé refsiverð samkvæmt 136. gr. og 228. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá hafi stefnandi einnig brotið gegn þagnarheiti vegna starfa sinna fyrir stefnda og yfirlýsingu vegna aðgangs að sjúkraskráupplýsingum og sjúkraskrárkerfum á hjúkrunarheimilinu sem hún hafi undirritað.

29. Stefndi telur að honum hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi við stefnanda í ljósi þess grófa brots sem hún hafi játað. Hún hafi viðurkennt að hafa lekið trúnaðarupplýsingum úr sjúkraskrá um íbúa hjúkrunarheimilisins á fundi í viðurvist trúverðugra votta. Á fundinum hafi verið framkvæmdastjóri stefnda, næsti yfirmaður stefnanda og persónuverndarfulltrúi hjúkrunarheimilisins. Persónuverndarfulltrúinn starfi ekki fyrir stefnda heldur Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og sé hún sjálfstæð í störfum sínum, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 90/2018. Þessir aðilar hafi allir staðfest að stefnandi hafi viðurkennt á fundinum að hafa lekið trúnaðarupplýsingum úr sjúkraskrá íbúa hjúkrunarheimilisins. Hafi stefndi með réttu talið það vera alvarlegt trúnaðarbrot og ekki annað tækt en að rifta ráðningarsamningi við stefnanda. Trúnaðarbrotið hafi verið svo alvarlegt, gróft og óbætanlegt að áminning hafi ekki dugað til.

30. Stefndi byggir á því að honum hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi við stefnanda bæði á grundvelli ákvæða í kjarasamningi og með vísan til almennrar riftunarheimildar vinnuréttar. Fram komi í 5. tölulið greinar 19.3.3 í kjarasamningi að víkja megi starfsmanni fyrirvaralaust úr starfi verði hann uppvis að grófu broti í starfi, enda valdi viðvera hans á vinnustað áframhaldandi skaða fyrir starfsemina, aðra starfsmenn eða viðskiptavinum. Háttsemi stefnanda feli í sér gróft brot í skilningi ákvæðisins og hafi jafnframt varðað við fjölda lagaákvæða.
31. Stefndi leggur áherslu á að vegna eðlis starfs hjúkrunarfræðinga hvíli á þeim lögbundin þagnarskylda, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 34/2012, og varði brot gegn lögnum sektum eða fangelsi, sbr. 1. mgr. 28. gr. sömu laga. Sambærileg ákvæði séu til dæmis í lögum nr. 55/2009 og lögum nr. 90/2018. Þessar reglur feli í sér viðmið um ólögsmæta háttsemi í einkaréttarlegu samhengi og hafi þær þýðingu við mat á því hvort trúnaðarbrot eða brot á skyldum stefnanda teljist gróft og alvarlegt. Brot stefnanda hafi jafnframt verið í grófri andstöðu við þagnarheit sem hún undirritaði samhliða ráðningu sinni og kunni að vera refsivert. Áréttað er að stefnandi hafi lekið einum viðkvæmstu gögnum sem til séu, það er upplýsingum úr sjúkraskrá um íbúa hjúkrunarheimilisins. Áframhaldandi störf stefnanda fyrir stefnda hefðu verið óverjandi gagnvart íbúanum og aðstandendum hans. Þá byggist starfsemi og þjónusta stefnda á trausti og virðingu og sé ótækt að íbúar, þjónustukaupi og aðstandendur þiggi vinnuframlag af stefnanda í ljósi þess grófa brots sem hún hafi játað að hafa framið. Jafnframt er bent á að allir starfsmenn hafi legið undir grun vegna málsins og að það hafi tekið verulega á starfsfólk. Hafi ekki verið hægt að gera starfsfólki að vinna við hlið stefnanda eftir þetta grófa brot. Leiki því enginn vafi á að umrætt ákvæði kjarasamningsins hafi heimilað fyrirvaralausa riftun ráðningarsamnings við stefnanda.
32. Stefndi bendir einnig á að brot stefnanda feli í sér verulega vanefnd á ráðningarsamningi aðila og hafi stefnda verið heimilt að rifta honum á grundvelli almennra reglna vinnuréttar. Fram komi í yfirlýsingu vegna aðgangs að sjúkraskráupplýsingum/ sjúkraskrárkerfum hjúkrunarheimilisins sem stefnandi hafi undirritað að brot á umgengni um sjúkraskrár geti varðað áminningu eða brottvikningu úr starfi. Hafi stefnandi þannig átt að gera sér fulla grein fyrir því hverjar afleiðingar háttsemi hennar kynnu að verða.
33. Stefndi byggir á því að þar sem ráðningarsambandi aðila hafi verið slitið með lögmætum hætti vegna trúnaðarrests og alvarlegs brots stefnanda í starfi eigi hún ekki rétt til skaðabóta. Verði ekki fallist á það byggir stefndi á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á raunverulegt fjártjón sitt. Því er mótmælt að sömu sjónarmið eigi við um opinbera starfsmenn og starfsmenn [...] enda starfi hinir síðarnefndu á einkamarkaði. Bent er á að uppsagnarfrestur stefnanda sé þrjú mánuðir og geti krafan ekki numið hærri fjárhæð en launum á þeim tíma. Jafnframt sé stefnanda skylt að takmarka tjón sitt og er í greinargerð skorað á hana að leggja fram upplýsingar sem sýni launaskerðingu eða atvinnuleysisbætur, greiðslur frá lífeyrissjóðum, stéttarfélögum eða öðrum aðilum eftir því sem við

eigi. Tekið er fram að gríðarlegur skortur sé á hjúkrunarfræðingum og hafi ekki verið sýnt fram á að stefnandi hafi ekki getað fengið starf vegna þess atviks sem hér um ræðir. Þá er kröfu stefnanda um mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð sérstaklega mótmælt. Um sé að ræða lögbundið mótframlag samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og fari viðkomandi lífeyrissjóður með forræði slíkra krafna en ekki launþegi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

34. Stefndi mótmælir jafnframt kröfu stefnanda um miskabætur á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Vísað er til þess að stefnandi beri fulla ábyrgð á starfslokum sínum. Hún hafi játað að hafa lekið trúnaðarupplýsingum úr sjúkraskrá og hafi stefnda verið skylt að tilkynna viðeigandi yfirvöldum um trúnaðarrestinn og beina kæru til lögreglu, en varað hafi verið við því í yfirlýsingu sem stefnandi undirritaði við upphaf starfa sinna fyrir stefnda. Þá hafi stefndi ekki nafngreint stefnanda opinberlega í tengslum við umræddan trúnaðarrest og skorti á röksemdir fyrir álitshnekki og andlegri vanlíðan hennar. Fjárhæð kröfu stefnanda sé ekki heldur í neinu samræmi við dómaframkvæmd. Þá er upphafstíma dráttarvaxta vegna bótakröfunnar mótmælt.
35. Stefndi tekur einnig fram að niðurstaða [...] landlæknis hafi ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins. Stefnda hafi verið skylt að beina tilkynningu til embættisins. Það sé aftur á móti hlutverk lögreglu að rannsaka hvort háttsemi stefnanda hafi varðað við lög og hafi lögreglan mun víðtækari heimildir en landlæknir, sbr. 4. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2009.

IV

Niðurstaða

36. Aðila greinir á um hvort stefnda hafi verið heimilt að segja stefnanda, sem starfaði á hjúkrunarheimilinu [...], fyrirvaralaust upp störfum hinn [...] 2021. Ágreiningur þeirra lýtur einkum að því hvort stefnandi hafi viðurkennt á fundi með stjórnendum hjúkrunarheimilisins og persónuverndarfulltrúa hinn [...] 2021 að hafa miðlað upplýsingum úr sjúkraskrá tiltekins íbúa til óviðkomandi aðila. Eins og rakið hefur verið er um að ræða upplýsingar um það hvort viðkomandi íbúi [...], en um þetta var fjallað á [...].
37. Stefnandi lýsir atvikum á fundinum með öðrum hætti en þeir starfsmenn stefnda og persónuverndarfulltrúi sem voru þar viðstaddir. Fram kom í aðilaskýrslu stefnanda að hún hefði staðfest á fundinum að hún þekkti C [...] sem hefði [...]. Hins vegar hefði hún neitað því að hafa veitt þessum kunningja sínum upplýsingar um hvort tiltekinn íbúi hjúkrunarheimilisins hefði [...]. Hún hefði því ekki staðfest brot gegn trúnaðar- og þagnarskyldu á fundinum eins og stefndi haldi fram. Atvikum var lýst með sams konar hætti í bréfi lögmanns stefnanda 7. apríl 2021 þar sem riftun á ráðningarsamningi aðila var mótmælt.

38. Stefnandi var boðuð á umræddan fund [...] í kjölfar ábendingar sem barst stjórnanda hjúkrunarheimilisins þess efnis að hún þekkti einstaklinga sem hefðu haft sig í frammi vegna málsins á [...]. Á fundinum voru D og framkvæmdastjóri stefnda, og E, sem var næsti yfirmaður stefnanda. Jafnframt var viðstödd F persónuverndarfulltrúi, sem var tilnefnd af stefnda í samræmi við 35. gr. laga nr. 90/2018 og starfar samkvæmt VI. kafla laganna. Hún er lögfræðingur að mennt og starfsmaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.
39. Persónuverndarfulltrúinn gaf skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Þar kom fram að hinn [...] hefði hún verið kölluð á fund með stefnanda og tveimur fulltrúum hjúkrunarheimilisins vegna gruns um öryggisbrest í tengslum við upplýsingar í sjúkraskrá tiltekins íbúa. Hefði hún verið viðstödd fundinn til að vera fulltrúum stefnda innan handar í ljósi hlutverks síns sem persónuverndarfulltrúi samkvæmt lögum nr. 90/2018. Vitnið skýrði frá því að við upphaf fundar hefði hún greint stefnanda frá því að grunur léki á öryggisbresti sem gæti þurft að tilkynna til opinberra aðila. Myndir hefðu verið bornar undir stefnanda á fundinum og hefði hún í fyrstu ekki kannast við þá aðila sem um ræðir. Aftur á móti hefði komið á stefnanda þegar nafn C var nefnt. Þá tók vitnið skýrt fram að stefnandi hefði viðurkennt að hafa greint umræddri konu frá þeim upplýsingum sem um ræðir, [...]. Aðspurð kvað vitnið engan vafa leika á því að atvik hefðu verið með þessum hætti og tók fram að stefnandi hefði virst vera mjög miður sín. Jafnframt kom fram að vitnið hefði sem persónuverndarfulltrúi útskýrt fyrir stefnanda að þar sem öryggisbrestur lægi fyrir væri skylt að beina tilkynningu til Persónuverndar. Einnig hefði verið rætt á fundinum að stefndi myndi beina tilkynningum til embættis landlæknis og lögreglu.
40. Framkvæmdastjóri stefnda, sem er jafnframt framkvæmdastjóri hjúkrunar á hjúkrunarheimilinu, gaf aðilaskýrslu fyrir dómi. Hún lýsti því að á fundinum hefði stefnandi verið sýnd ljósmynd sem var birt á [...] og hefði hún kannast við C. Þá hefði stefnandi viðurkennt að hafa veitt C upplýsingar um [...]. Á fundinum hefði umræddur öryggisbrestur verið ræddur og að það væri skylt að beina tilkynningu til Persónuverndar, lögreglu og embættis landlæknis. Þá kvað framkvæmdastjórinn stefnanda sama kvöld hafa miðlað þeim upplýsingum til stjórnenda að hún hefði í reynd ekki veitt umræddri konu neinar upplýsingar sem leynt hefðu átt að fara. Ráðið varð af skýrslunni að sú frásögn hafi ekki verið talin trúverðug.
41. Hjúkrunarstjóri á þeirri deild sem um ræðir og næsti yfirmaður stefnanda gaf einnig skýrslu fyrir dómi. Hún tók fram að á fundinum hefði stefnandi staðfest að hafa miðlað umræddum upplýsingum til fyrrgreindrar konu. Nánar tiltekið hefði stefnandi verið spurð á fundinum hvort atvik hefðu verið með þessum hætti. Hefði stefnandi fyrst sagt að það væri hugsanlegt og svo tekið fram að hún hefði gert það.

42. Að framangreindu virtu þarf dómurinn að meta sönnunargildi framburðar stefnanda og framkvæmdastjóra stefnda sem gáfu aðilaskýrslur fyrir dómi og fyrrgreindra tveggja vitna. Við mat á framburði vitnanna er meðal annars litið til þeirra þátta sem greinir í 59. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar með talið afstöðu vitnis til aðila, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, skýrleika í svörum og samræmis í frásögn. Til þess er að líta að framburður persónuverndarfulltrúans og þeirra tveggja starfsmanna stefndu sem voru viðstaddir fundinn er í öllum meginatriðum samhljóða. Hafa þannig aðrir en stefnandi borið með sams konar hætti um atvik á fundinum, en við mat á framburði framkvæmdastjóra stefnda og hjúkrunarstjórans verður þó að hafa í huga tengsl þeirra við stefnda. Við mat á sönnunargildi framburðar persónuverndarfulltrúans verður að horfa til þess að hún er ekki starfsmaður stefnda og þiggur ekki laun frá félaginu. Hún gegnir skýru hlutverki samkvæmt VI. kafla laga nr. 90/2018 og var sérstaklega kölluð til vegna gruns um öryggisbrest sem kynni að þurfa að tilkynna til Persónuverndar. Að mati dómsins var framburður persónuverndarfulltrúans, sem rakinn hefur verið að framan, skýr og afdráttarlaus. Þá hefur ekkert komið fram sem gefur tilefni til þess að draga trúverðugleika framburðar vitnisins í efa.
43. Við sönnunarmatið er einnig til þess að líta að athafnir starfsmanna stefnda í kjölfar fundarins eru í samræmi við lýsingu þeirra á því sem þar fór fram. Þannig var tilkynningu um trúnaðarbrot og öryggisbrest beint til landlæknis daginn eftir fundinn, eða [...], í samræmi við eftirlitsskyldu embættisins samkvæmt lögum nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu. Jafnframt var tilkynning vegna öryggisbrests send Persónuvernd hinn [...] í samræmi við skyldu ábyrgðaraðila samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2018. Þá beindi framkvæmdastjóri stefnda kæru til lögreglu 26. mars 2021 vegna háttsemi stefnanda.
44. Að öllu framangreindu virtu verður lagt til grundvallar að stefnandi hafi viðurkennt á fundinum [...] að hafa miðlað upplýsingum um það hvort [...]. Með því braut stefnandi með alvarlegum hætti gegn trúnaðar- og þagnarskyldu sinni um það sem hún hafði komist að í starfi sínu og varðaði heilsufar og meðferð einstaklings sem hún annaðist, sbr. meðal annars 12. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, sbr. einnig 3. mgr. 13. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, og 17. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn. Þá var þessi háttsemi einnig í andstöðu við þagnarheit og yfirlýsingu vegna aðgangs að sjúkraskrárupplýsingum sem stefnandi undirritaði þegar hún var ráðin til starfa. Að mati dómsins hefur það ekki þýðingu þó að stefnandi hafi ekki ætlast til þess að upplýsingarnar rötuðu á [...], enda braut hún gegn skyldum sínum með miðlun þeirra upplýsinga sem um ræðir án tillits til þess hvernig þær voru nýttar.
45. Eins og rakið hefur verið var ekki óskað eftir vinnuframlagi stefnanda eftir [...] og var henni tilkynnt um fyrirvaralausa riftun á ráðningarsamningi 29. sama mánaðar. Aðila greinir á um hvort það hafi verið heimilt með vísan til alvarleika þess trúnaðarbrotis sem um ræðir og greinar 19.3.3 í þeim kjarasamningi sem á við. Fram kemur í 6. lið kjarasamningsákvæðisins að víkja megi starfsmanni

fyrirvaralaust úr starfi verði hann „uppvís að grófu broti í starfi enda valdi viðvera hans á vinnustað áframhaldandi skaða fyrir starfsemina, aðra starfsmenn eða viðskiptavinum“. Telja verður ljóst að grundvallarþáttur í starfsemi hjúkrunarheimila sé að virðing og traust ríki á milli starfsfólks og íbúa. Stefnandi, sem annaðist fyrrgreindan íbúa hjúkrunarheimilisins, hafði vegna starfs síns aðgang að upplýsingum um [...]. Um er að ræða heilsufarsupplýsingar sem teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 90/2018. Telja verður sérlega brýnt að heilbrigðisstarfsmenn gæti fyllsta trúnaðar um slíkar upplýsingar, eins og aðrar upplýsingar sem lögum samkvæmt skal gæta þagnar um. Að öllu virtu telur dómurinn að miðlun slíkra upplýsinga til óviðkomandi aðila teljist gróft brot í starfi í skilningi 6. liðar greinar 19.3.3 í kjarasamningnum. Jafnframt var um að ræða verulega vanefnd á skyldum stefnanda samkvæmt ráðningarsamningi, þagnarheiti og fyrrgreindri yfirlýsingu sem hún hafði undirritað vegna aðgangs að sjúkraskráupplýsingum.

46. Dómurinn telur jafnframt uppfyllt það skilyrði kjarasamningsákvæðisins að viðvera stefnanda á vinnustað hefði valdið áframhaldandi skaða fyrir starfsemina, aðra starfsmenn eða viðskiptavinum. Í þeim efnum verður að líta til eðlis og alvarleika brotsins þar sem trúnaðar um viðkvæmar heilsufarsupplýsingar íbúa var ekki gætt. Til þess er einnig að líta að rannsókn á því hvernig umræddar upplýsingar hefðu getað borist óviðkomandi aðila stóð yfir í talsverðan tíma innan hjúkrunarheimilisins og að stjórnendur höfðu lýst því að allir starfsmenn sem hefðu aðgang að upplýsingunum væru grunaðir um trúnaðarbrot.
47. Að öllu framangreindu virtu og með hliðsjón af meginreglum vinnuréttar telur dómurinn að stefnda hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi við stefnanda án aðvörunar eða fyrirvara. Verður því ekki talið að stefnda hafi verið skylt að áminna stefnanda eða haga málsmeðferð sinni með öðrum hætti.
48. Samkvæmt framangreindu er ekki fallist á að stefnanda hafi verið sagt upp störfum með ólögumætum hætti eða að stefndi hafi að öðru leyti sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiði til bótaábyrgðar hans vegna fjártjóns stefnanda. Þá er ekki heldur fallist á að fyrir hendi séu skilyrði til að dæma stefnanda miskabætur úr hendi stefnda vegna athafna hans, þar með talið vegna þeirra tilkynninga sem sendar voru Persónuvernd og embætti landlæknis lögum samkvæmt og vegna kæru sem var beint til lögreglu. Eins og rakið hefur verið var stefnda skylt að beina tilkynningu til Persónuverndar vegna öryggisbrests, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2018. Þá var tekið fram í fyrrgreindri yfirlýsingu sem stefnandi undirritaði að brot gegn reglum um notkun sjúkraskráupplýsinga yrði tilkynntar Persónuvernd og embætti landlæknis, auk þess sem sérstaklega var tekið fram að brot kynnu að verða kærð til lögreglu. Að þessu virtu og atvikum að öðru leyti verður ekki séð að stefndi hafi gripið til aðgerða sem geti talist vera ólögumæt meingerð í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á kröfu stefnanda.

49. Að öllu framangreindu virtu verður stefndi sýknaður af kröfu stefnanda. Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað eins og greinir í dómsorði.

Ásgerður Ragnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Stefndi, B, er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Stefnandi greiði stefnda 1.000.000 króna í málskostnað.

Ásgerður Ragnarsdóttir